Sþ. **851. Tillaga til þingsályktunar** [286. mál]

um að kalla heim sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu.

Flm.: Ragnar Arnalds, Magnús T. Ólafsson, Steingrímur Hermannsson, Pétur Sigurðsson, Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kalla heim sendiherra Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu til að mótmæla hernaðarofbeldi breta í íslenskri landhelgi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram í tilefni af atburðum seinustu daga og mánaða á miðunum umhverfis landið og þarfnast ekki skýringa.